

Ársskýrsla 2000



Efnisyfirlit

HLUTVERK	3
FRAMTÍÐARSÝN	3
MARKMIÐ	3
HELSTU ÁHERSLUR ÁRSINS 2000	5
STARFSMANNAHALD OG HÚSNÆÐI	10
FULLTRÚAR	10
FUNDIR	11
ERINDI TIL KYNNINGAR	11
NEFNDIR	12
GREINASKRIF OG VIÐTÖL	12
FRÉTTAMANNAFUNDIR OG KYNNINGAR	12
UMSAGNIR	13
RÁÐSTEFNUR OG FUNDIR	13
ÖNNUR MÁL	14
SKIPTING FJÁRMUNA	14
LÝSING Á VERKEFNUM SEM HLUTU STYRK ÚR FORVARNASJÓÐI ÁRIÐ 2000	15
VIÐAUKI 1	22
VIÐAUKI 2	24

Staða og starfssvið

Áfengis- og vímuvarnaráð heyrir undir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti og var stofnað með lögum um Áfengis- og vímuvarnaráð nr. 76/1998¹ í samræmi við aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar í fíkniefna-, áfengis- og tóbaksvörnum sem samþykkt var 3. desember 1996. Heilbrigðisráðherra skipar 8 fulltrúa, þar af formann og varaformann, í ráðið og jafnmarga til vara til fjögurra ára í senn. Forsætisráðherra, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, dóms- og kirkjumálaráðherra, fjármálaráðherra, félagsmálaráðherra, menntamálaráðherra, utanríkisráðherra og Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefna hvert sinn fulltrúa og varafulltrúa.

Tillaga verkefnisstjórnar áætlunarinnar *Ísland án eiturlyfja* um að áætlunin falli formlega undir verkswið Áfengis- og vímuvarnaráðs var samþykkt á fundi ráðsins 24. júní 1999. Áfengis- og vímuvarnaráð tilnefnir 2 fulltrúa í stjórn áætlunarinnar og 2 til vara.

Áfengis- og vímuvarnaráð leggur í starfi sínu áherslu á fagmennsku og sífellda þekkingarleit. Ráðið byggir starf sitt á niðurstöðum rannsókna á sviði vímuvarna og stöðugu mati á árangri vímuvarnaaðgerða. Ráðið starfar með öllum sem vinna að vímuvörnum hjá opinberum stofnunum, félagasamtökum eða á eigin vegum og hvetur til fjölbreyttra verkefna. Til að meta árangur verkefna þarf að kanna neyslu þjóðarinnar á áfengi og vímuefnum og athuga tíðni ýmissa vandamála þar sem vímuefnaneysla kemur við sögu, t.d. við innlagnir á sjúkrahús, afbrot og ölvunarakstur. Niðurstöður þarf að bera saman milli svæða innanlands og utan.

Hlutverk

Áfengis- og vímuvarnaráð tók formlega til starfa í ársbyrjun 1999. Meginhlutverk Áfengis- og vímuvarnaráðs er að efla og styrkja áfengis- og vímuvarnir, sérstaklega meðal barna og ungmenna, og sporna við válegum afleiðingum af neyslu áfengis og annarra vímuefna. Áfengis- og vímuvarnaráð gerir tillögur til heilbrigðisráðherra um veitingu styrkja úr Forvarnasjóði² til verkefna á sviði áfengis- og vímuvarna. Fyrsta starfsárið einkenndist öðru fremur af stefnumótunarvinnu sem starfið byggist á en er jafnframt í sífelldri endurskoðun.

Framtíðarsýn

Áfengis- og vímuvarnaráð leggur áherslu á að verða miðstöð vímuvarna í landinu. Það byggir starf sitt á nýjustu þekkingu hverju sinni og skal vera bakhjarl allra þeirra sem vinna að vímuvörnum og aðgengilegur upplýsingabanki um vímuvarnir í þjóðfélaginu.

Markmið


Markmiðið með starfsemi ráðsins er samkvæmt lögum að uppræta fíkniefnaneyslu og draga stórlega úr áfengisneyslu. Ráðið skal stuðla að samvinnu og samræmingu milli þeirra sem starfa að áfengis- og vímuvörnum, svo sem heilsugæslu og annarra heilbrigðisstofnana, félagsmálayfirvalda, sveitarfélaga, löggæslu, menntakerfis, refsivörslukerfis og félagasamtaka.

Meginmarkmið Áfengis- og vímuvarnaráðs felst í slagorðinu *vímulaus grunnskóli* sem jafnframt er eins konar samnefni í vímuvarnastarfi undanfarinna ára og

¹ Lög um Áfengis- og vímuvarnaráð má nálgast á vefslóð Alþingis: www.althingi.is undir lagasafn

² Reglugerð um Forvarnasjóð er að finna á vefslóð Stjórnarráðsins: www.stjr.is undir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, lög og reglugerðir.

markmið sem mjög margir sem vinna að vímuvörnum í landinu eru tilbúnir að sameinast um. Það er almennt viðurkennt að ávinningur felist í því að seinka því að börn byrji að neyta áfengis þar sem það auki líkur á að þau nái að fóta sig í lífinu. Börn ættu að fá að vaxa upp laus undan þrýstingi til að temja sér lífsstíl sem stjórnast af neyslu áfengis og annarra vímuefna þannig að þau geti gert upp við sig frjáls og óháð, þegar þau hafa aldur og þroska til, hvaða lífsstíl þau vilja temja sér. Helsta viðmiðunin sem notuð hefur verið sem mælikvarði á hvort miðar í rétta átta að markmiðinu, *vímulaus grunnskóli*, eru kannanir meðal nemenda efstu bekkja grunnskólans sem byrjað var að vinna á vegum Rannsóknarstofnunar uppeldis og menntamála (RUM) en hafa hin síðari ár verið unnar af fyrirtækinu Rannsóknir og greining ehf. (R&G). Niðurstöður þessara kannana síðustu tvö ár gefa von um að árangur sé að nást.



Mynd 1. Þróun vímuefnaneyslu 15–16 ára unglunga 1974–2000 (Rannsóknir og greining ehf. 2000)

Á vefsíðu R&G, www.rannsoknir.is, segir um könnunina *Ungt fólk 2000*

„Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að dregið hefur úr áfengisneyslu, reykingum og neyslu ólöglegra vímuefna, það er að segja hass og sniffefna, meðal nemenda í efstu bekkjum grunnskóla, annað árið í röð. Neysla þessara efna hafði aukist frá árinu 1990 og náð hámarki árið 1998.

Í þessu sambandi er rétt að gera greinarmun á þeim sem hafa smakkað vín og þeim sem drekka sig ölvaða. Sé miðað við hlutfall þeirra sem orðið hafa drukknir síðustu 30 daga hefur það lækkað úr 43% árið 1998 í 32% árið 2000. Ölvun samkvæmt þessum mælikvarða hefur ekki mælst lægri frá því fyrst var spurt um hana árið 1995.

Oft hefur verið bent á að sveiflur í neyslu fylgja árgöngum. Lítil neysla tiltekins árgangs verður því til þess, þegar fram líða stundir, að heildarneyslan verður minni. Þetta er vert að hafa í huga þegar titið er á niðurstöður fyrir hvern árgang. Þannig má sjá að neysla í 8. og 9. bekk á áfengi, tóbaki og hassi árið 2000 er minni en hún var í sömu árgöngum árið 1998. Þetta glæðir vonir um að árangur sé að nást í forvarnastarfi í efstu bekkjum grunnskóla.

Verulega dregur úr reykingum meðal nemenda á milli ára. Þannig kemur í ljós að færri unglingar í þessum árgöngum byrja að reykja en áður. Þannig má nefna að hlutfall þeirra sem einhvern tíma hafa reykt lækkar úr 59% árið 1998 í 52% árið 2000 og hlutfall þeirra sem reykja daglega lækkar úr 24% árið 1998 í 16% árið 2000.“

Helstu áherslur ársins 2000

1. Allar aðgerðir ráðsins byggjast á niðurstöðum markvissra rannsókna og eru metnar með tilliti til árangurs.

Rannsóknir eru nauðsynleg forsenda árangursríks forvarnastarfs. Þær eru mikilvægt verkfæri fyrir þá sem vinna að forvörnum þar sem þær gefa vísbendingar um á hvað þurfi að leggja áherslur hverju sinni. Áfengis- og vímuvarnaráð stefnir að því að afla upplýsinga um ýmsar hliðar áfengis- og vímuefnaneyslu í landinu, skaðsemi og kostnað þjóðfélagsins af völdum hennar eftir því sem unnt er og að hafa niðurstöðurnar aðgengilegar fyrir sem flesta sem vinna að vímuvörnum. Í því skyni leggur ráðið upp úr reglubundnum neyslu- og lífsstílskönnunum meðal ýmissa aldurshópa, gæðabundnum rannsóknum, t.d. á aðstæðum og líðan barna og unginga, rannsóknum til að meta árangur af verkefnum sem styrkt eru af Forvarnasjóði, úrvinnslu rannsókna sem eru hafnar en ekki búið að vinna úr og víðtæku samstarfi við sem flesta sem stunda rannsóknir á heilbrigði og lífsstíl.

Árið 2000 stóð ráðið að eftirfarandi könnunum:

- **Ungt fólk 2000** er könnun á lífsstíl og högum nemenda í 8., 9. og 10. bekk grunnskóla og er sambærileg við kannanir frá árunum 1992 og 1997. Að könnuninni stóðu, auk Áfengis- og vímuvarnaráðs, Íþróttá- og tómstundaráð Reykjavíkur, Ísland án eiturlyfja, Landlækniseimbættið, embætti héraðslækna, Manneldisráð, Samstarfsnefnd um málefni nýbúa og Samstarfsnefnd Reykjavíkurborgar um afbrota- og fíkniefnavarnir. Rannsóknin var unnin af Rannsóknum og greiningu ehf. og lögð fyrir nemendur 8., 9. og 10. bekkjar flestra grunnskóla landsins. Áfengis- og vímuvarnaráð fjármagnaði fyrirlögn og grunnvinnu áfengis- og vímuefnapáttar könnunarinnar. Sveitarfélögum um allt land gafst síðan kostur á að kaupa frekari úrvinnslu fyrir sitt svæði og nýttu nokkur sveitarfélög sér það.
- **Mat á sveitarfélagaverkefni SÁÁ og heilbrigðisráðuneytisins.** Samstarf heilbrigðisráðuneytisins og forvarnadeildar SÁÁ um víðtækar forvarnir í sveitarfélögum hófst árið 1996 með samningi um undirbúning að fræðslu og ráðgjöf um þróun forvarnastarfs fyrir sveitarfélög. Á tímabilinu 1997 til ársloka árið 1999 tóku hátt í 30 sveitarfélög á landinu þátt í verkefninu. Verkefnið naut fjárstyrks úr Forvarnasjóði sem byggðist á samningi heilbrigðisráðuneytisins og forvarnadeildar SÁÁ og nam heildarupphæðin á tímabilinu 1996–1999 14,5 milljónum króna. Þar sem um var að ræða viðamikil verkefni var ákveðið að ráðast í mat á árangri af því við lok samningstímans. Samið var við Rannsóknir og greiningu um að vinna matið og stóð vinna við það allt árið 2000 og lágu niðurstöður ekki enn fyrir í árslok.
- Könnunin **Ungt fólk í framhaldsskólum** var lögð fyrir nemendur í öllum framhaldsskólum landsins í nóvember 2000. Að rannsókninni stóðu, auk Áfengis- og vímuvarnaráðs, samstarfsnefnd Reykjavíkur um afbrota- og fíkniefnavarnir, Íþróttá- og tómstundaráð, Rauði kross Íslands og Landlækniseimbættið en hún er unnin af Rannsóknum og greiningu. Niðurstaðna er ekki að vænta fyrir en um mitt árið 2001.
- **Áhrif breytts afgreiðslutíma vínveitingahúsa í Reykjavík.** Framkvæmdastjóri ráðsins, Þorgerður Ragnarsdóttir, og Ásgerður Kjartansdóttir, uppeldisfræðingur, unnu mat á áhrifum breytts afgreiðslutíma vínveitingahúsa og var það verkefni í

námskeiði í þjónustumati í félagsvísindadeild Háskóla Íslands. Afgreiðslutími áfengis var gefinn frjálts í Reykjavík í júlí 1999. Verkefnið var unnið í samvinnu við fulltrúa Reykjavíkurborgar undir handleiðslu Sigurlínu Davíðsdóttur.

Auk framangreindra rannsókna hófst undirbúningur að könnun á áfengis- og vímuefnaneyslu og lífsstíl meðal almennings í samstarfi við Landlæknisembættið, Vinnueftirlit ríkisins, félagsvísindadeild Háskóla Íslands, sjáfstæða rannsakendur og Gallup. Könnun á áfengisneyslu meðal almennings hefur ekki verið gerð á Íslandi síðan 1992 og ekki hefur áður verið gerð tilraun til að spyrja um neyslu ólöglegra vímuefna í jafnstórri könnun og til stendur að framkvæma haustið 2001.

2. Úthlutun styrkja úr Forvarnasjóði verði lokið fyrir 15. maí 2000

Við úthlutun styrkja úr Forvarnasjóði var sérstaklega höfð hliðsjón af niðurstöðum 5 rýnihópa sem störfuðu á vegum Áfengis- og vímuvarnaráðs haustið 1999. Unglingahópur, foreldrahópur, skólahópur, heilsugæsluhópur og tómstundahópur greindu hvað væri gert í vímuvörnum, hvað mætti gera betur og hvernig Áfengis- og vímuvarnaráð gæti stutt við starfið á hverju sviði. Niðurstöður rýnihópanna birtust í ársskýrslu Áfengis- og vímuvarnaráðs fyrir árið 1999.

Auglýst var eftir umsóknum um styrki úr Forvarnasjóði í Morgunblaðinu sunnudaginn 30. janúar 2000 og var umsóknarfrestur til 29. febrúar 2000. Alls bárust 67 umsóknir um samtals 135 milljónir króna. Úthlutað var 32,5 milljónum kr. til 37 verkefna og 10 milljónum til 6 áfangaheimila. Styrkjum var úthlutað 18. maí við stutta athöfn í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsinu við Tryggvagötu. Lista yfir verkefnin, sem hlutu styrki árið 2000, er að finna aftar í ársskýrslunni (bls. 15).

Við sama tækifæri veitti heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, Ingibjörg Pálmadóttir, heilbrigðisverðlaun ársins 2000. Þau hlaut hópurinn *Tilvera* á Grundarfirði sem hefur barist fyrir hollum lífsstíl unginga þar í bæ. Fyrir hönd hópsins tóku Jóhanna Beck og Heiðrún Jóhannesdóttir við verðlaununum, peningastyrk og *Fjöregginu*, leirlistaverki unnu af Koggu.

3. Í samræmi við breyttar áherslur í þjóðfélaginu og hlutverk Áfengis- og vímuvarnaráðs verði tekin afstaða til hugmynda um breytingar á lögum og reglum um áfengissölu í landinu fyrir 1. október 2000.

Vegna umræðna um ríkjandi áfengislöggjöf í landinu var ákveðið að opna umræðu um hana frá sem flestum hliðum innan ráðsins. Markmiðið var að ráðið mótaði heildræna afstöðu til áfengisvarna og hugmynda um breytingar á lögum og reglum sem miða að því að draga úr skaðsemi af völdum áfengisneyslu í landinu. Í þessum tilgangi var fólki með mismunandi skoðanir á áfengislöggjöfinni og þekkingu á ýmsum hliðum áfengis- og vímuefnavandans boðið að halda erindi og ræða við ráðið á fundum þess.

Þeir gestir, sem þannig komu að máli við ráðið árið 2000, voru Tómas Helgason, fv. prófessor og yfirlæknir á geðlækningasviði Landspítala, Gunnlaugur Geirsson, prófessor, Lúðvík Bergvinsson, alþingismaður, dr. Harvey Milkman, prófessor í sálfræði við Metropol-háskólann í Denver Colorado, Snjólaug Stefánsdóttir verkefnisstjóri hjá Reykjavíkurborg, Bragi Guðbrandsson, forstöðumaður Barnaverndarstofu, Óttar Guðmundsson, geðlæknir, og dr. Hildigunnur Ólafsdóttir, afbrotafræðingur. Á fundunum sköpuðust fjörugar umræður um málefni sem varða áfengis- og vímuefnaneyslu og forvarnir. Þó ekki tækist að móta afstöðu ráðsins til

hugmynda um breytingar á lögum og reglum um áfengissölu í landinu skv. markmiðinu þótti fulltrúum í ráðinu heimsóknirnar gagnlegar og verður þeim haldið áfram árið 2001 í tengslum við frekari hugmyndavinnu ráðsins.

4. Ráðið hvetur til almennrar umræðu um áhrif foreldra, leikskólakennara, kennara og annarra sem starfa með börnum á viðhorf barna og unglinga til áfengis- og vímuefnaneyslu.

Til að þær rannsóknir, sem lagt er í, nýtist til forvarna úti í þjóðfélaginu þarf að huga að kynningu á niðurstöðum þeirra og þeim lærdómi t.d. í uppeldisfræðilegu tilliti sem draga má af þeim. Mikilvægt er að þeir sem vinna að uppeldi og umönnun barna og unglinga byggi á þekkingu og hafi aðgang að fræðsluefni við hæfi, bæði faglega og fyrir mismunandi aldurshópa.

- Niðurstöður rannsóknarinnar **Ungt fólk 2000** voru kynntar á blaðamannafundi á Umferðarmiðstöðinni í Reykjavík 27. júlí 2000. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, Ingibjörg Pálmadóttir, og dóms- og kirkjumálaráðherra, Sólveig Pétursdóttir, ávörpuðu fundinn og formaður ráðsins, Þórólfur Þórlindsson, kynnti niðurstöðurnar. Tímasetning kynningarinnar og staðarval miðaðist við mestu ferða- og skemmtihelgi ungmenna á Íslandi, verslunarmannahelgina. Rannsóknin fékk nokkuð mikla fjölmiðlaumfjöllun þá þegar. Hjá Reykjavíkurborg var vímuefnaþáttur rannsóknarinnar unninn sérstaklega fyrir hverfi og skóla borgarinnar og niðurstöður kynntar á vegum Íslands án eiturlyfja og Samstarfsnefndar Reykjavíkur um afbrota- og fíkniefnavarnir (SAF). Nokkur sveitarfélög ákváðu að kaupa ýtarlega úrvinnslu úr könnuninni. Hægt er að fá slíka úrvinnslu um vímuefnaþátt, andlega og líkamlega heilsu, árangur og líðan í skóla, tengsl við foreldra, útivist, aðhald og eftirlit, íþróttaiðkun, tómstundastarf, lífsstíl, ofbeldi og trúariðkun.
- **Vímuvarnir í framhaldsskólum.** Hautið 2000 var myndaður hópur á vegum Áfengis- og vímuvarnaráðs, Íslands án eiturlyfja, skólastjórnenda í framhaldsskólum, fulltrúa nemenda í framhaldsskólum í Reykjavík, Heimilis og skóla og Lögreglunnar í Reykjavík til að vinna að vímuvörnum í framhaldsskólum. Markmið þeirrar vinnu er að veita skólunum stuðning við að efla heilbrigða lífshætti og félagsstarf meðal nemenda í framhaldsskólum og draga úr neyslu áfengis, tóbaks og annarra vímuefna. Stefnt var að því að vinna með nemendum, foreldrum og kennurum að þessu markmiði og var áhersla í fyrstu lögð á að draga úr áfengisneyslu nemenda á skólaskemmtunum. Verkfall framhaldsskólakennara í haust breytti nokkuð upphaflegum áformum hópsins en gaf einnig nýja möguleika þar sem nemendur voru í frí og gátu því tekið virkari þátt í starfinu en ella. Í samvinnu við Margréti Rún Einarsdóttur, nemanda í Borgarholtsskóla, og Ómar Örn Ólafsson, nemanda í MS, var ráðist í útgáfu póstkorts með tilmælum til foreldra og fullorðinna um að virða áfengisneyslualdur og að útvega ekki unglिंगum undir aldri áfengi. Póstkortið hannaði Gísli Berg, nemandi í MS. Unglingalandslið kvenna í handknattleik og nemendur í framhaldsskólum úti á landi dreifðu póstkortunum fyrir framan nokkrar verslanir ÁTVR fyrir jól og áramót. Verkefnið hlaut kynningu í dagblöðum, sjónvarpi og útvarpi.
- **Faghópur á vegum Landlæknisembættisins um heilsueflingu.** Framkvæmdastjóra ráðsins var boðið að taka sæti í fagraði Landlæknisembættisins um heilsueflingu snemma á árinu. Var boðað til fyrsta

fundar fagráðsins 8. nóvember 2000. Auk framkvæmdastjóra Áfengis- og vímuvarnaráðs eiga eftirtaldir sæti í hópnum: Álfheiður Steinþórsdóttir, Erla Kolbrún Svavarsdóttir, Jóhann Ágúst Sigurðsson, Laufey Steingrimsdóttir, Pétur Pétursson, Sigríður A. Pálmadóttir, Þorsteinn Njálsson og Anna Björg Aradóttir.

- **Náum áttum.** Starfsfólk Áfengis- og vímuvarnaráðs hefur tekið virkan þátt í starfi fræðslu- og kynningarhópsins *Náum áttum*. Hópurinn stóð að fjölsótttri ráðstefnu á Grand hóteli í byrjun október og hefur haldið morgunverðarfundum reglulega í Sunnusal á Hótel Sögu í vetur. Aðalfyrirlesari á ráðstefnunni var dr. Bertha Madras frá Harvardháskóla í Boston í Massachusetts en hún hefur um árabíl stundað rannsóknir á áhrifum fíkniefnaneyslu á heilastarfsemina. Á morgunverðarfundunum eru reifuð ýmis málefni sem eru ofarlega á baugi og tengjast forvörnum. Framsögumenn á síðasta ári voru dr. Harvey Milkman frá Metropolháskóla í Denver í Colorado, sem fjallaði um sjúkdómshugtakið, dr. Robert Selman og dr. Sigrún Aðalbjarnardóttir, sem ræddu um áhættuhegðun unglunga, og Jón Kristjánsson, formaður fjárlaganefndar Alþingis, og Axel Hall, hagfræðingur, reifuðu kostnað samfélagsins af áfengis- og fíkniefnaneyslu. Fundirnir hafa aðallega verið boðaðir með fréttatilkynningum og tölvupósti og verið vel sóttir af breiðum hópi fólks.
- **Saman – auglýsingahópur:** Um áramótin 1999–2000 tók hópur vímuvarnafólks sig saman og stóð að hvatningarátaki undir yfirskriftinni „Fjölskyldan saman á tímamótum“. Átakið fólst m.a. í því að póstkortum var dreift inn á heimili landsmanna og auglýsingar birtust í blöðum og tímaritum. Fyrir áramótin 2000–2001 var ákveðið að endurtaka leikinn. Í lok janúar 2001 var ákveðið að fá ÍM-Gallup til að mæla virkni auglýsingarinnar, þ.e. hvort fólk hefði tekið eftir henni og viðhorf þess til hennar. Tæplega 50% höfðu séð auglýsinguna og gáfu þau henni góða einkunn.
- **Íþróttir:** Leitað var eftir samstarfi við ÍSÍ um samstarf um forvarnaverkefni, m.a. með aðstoð afreksíþróttamanna, með það í huga að hvetja unglunga til þátttöku í fjölbreyttu íþróttastarfi. Enn hefur ekkert orðið úr samstarfi á þessu sviðið en rætt hefur verið við Kristín Reimarsson og Arngrím Viðar Ásgeirsson frá ÍSÍ.

5. Ráðið hvetur til þess að innan heilsugæslunnar, félagsþjónustunnar, uppeldis- og menntastofnana og annars staðar, þar sem unnið er með börnum og unglingum, sé mótuð vímuvarnastefna við hæfi.

Huga þarf að menntun starfsfólks á sviði forvarna, úrræðum sem fyrir hendi eru, viðmóti starfsfólks og fræðslu sem veitt er í vímuvörnum á hverju sviði. Mótun vímuvarnastefnu er langt komin í mörgum sveitarfélögum, innan grunnskólanna og framhaldsskólanna. Umræður um forvarnir á sviði vímuvarna innan heilsugæslu og í leikskólum eru hins vegar styttra á veg komnar. Áfengis- og vímuvarnaráð hóf árið 2000 að beita sér fyrir mótun forvarnastefnu innan heilsugæslunnar og leikskólanna.

- **Kynning** á starfi og áherslum Áfengis- og vímuvarnaráðs og niðurstöðum þarfagreiningar í rýnihópum frá 1999 var haldin á fræðslufundi heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins í mars og fyrir starfsfólk mæðraverndar og Heilsugæslunnar í Reykjavík í október og nóvember.
- **Námskeið í vímuvörnum fyrir starfsfólk Miðstöðvar mæðraverndar.** Í samvinnu við Miðstöð mæðraverndar á Heilsuverndarstöð Reykjavíkur var haldið námskeið í vímuvörnum dagana 26.–27. október 2000. Markmið námskeiðsins var annars vegar að auka þekkingu þátttakenda á áfengis- og vímuefnaneyslu sem heilbrigðisvanda og hins vegar að veita þeim hjálfun í að taka á vandamálum vegna áfengis- og vímuefnaneyslu skjólstæðinga miðstöðvarinnar. Á námskeiðinu

var Hildur Björg Hafstein, verkefnisstjóri hjá Áfengis- og vímuvarnaráði, með kynningu á ráðinu og stefnu þess, Sigríður Hulda Jónsdóttir, námsráðgjafi, fjallaði um mótun vímuvarnastefnu og dr. Páll Biering fjallaði um nálgun í starfi og notaði m.a. hlutverkaleiki til að koma námsefninu til skila. Þátttakendur létu vel af námskeiðinu og var ákveðið að byggja á þeim grunni sem þar var lagður og stefna að því að halda annað sambærilegt námskeið að ári.

- **Stefnumótun Heilsugæslunnar í Reykjavík.** Áfengis- og vímuvarnaráði bauðst að taka þátt í stefnumótunarvinnu Heilsugæslunnar í Reykjavík. Framkvæmdastjóri ráðsins sat námskeið í stefnumótun og stjórnun og tók þátt í umræðum um hlutverk, stöðu og stefnu Heilsugæslunnar á haustönn.
- **Bréf** var sent til Leikskóla Reykjavíkur í byrjun desember þar sem þess var farið á leit að fá að hitta þá sem sinna stefnumótun og fræðslu hjá Leikskólum Reykjavíkur, í fyrsta lagi til að fræðast um hvernig unnið er að forvörnum á leikskólum og í öðru lagi til að koma sjónarmiðum ráðsins þar á framfæri. Ekki varð af slíkum fundi á árinu.

6. Aðgengilegt, þjónustumiðað gagnasafn á netinu verði tilbúið fyrir 1. maí 2000.

Eitt af markmiðum Áfengis- og vímuvarnaráðs hefur verið að gera upplýsingar um vímuvarnir aðgengilegar fyrir almenning á sem fjölbreytilegastan hátt, bæði á internetinu og í hefðbundunum bókasöfnum.

- **Efnisorðalykill á sviði forvarna.** Auður Björg Ingadóttir, bókasafnsfræðingur, tók að sér sem BA- verkefni að efnistaka safnkost Áfengis- og vímuvarnaráðs og Fræðslumiðstöðvar í fíknivörnum og útbúa kerfisbundinn efnisorðalykil á sviði forvarna. Heimildirnar eru skráðar í bókasafnsforritið *Feng* þar sem það er aðgengilegt víða um land, á flestum almenningubókasöfnum og grunnskólasöfnum. *Fengur* varð einnig fyrir valinu þar sem til stóð að hægt yrði að tengjast honum á internetinu. Af því varð þó ekki á árinu. Auður lauk verkefninu vorið 2000 og var efnisorðalyklinum dreift til bókasafna sem á einhvern hátt tengjast vímuvörnum sem sérsviði. Hægt er að nálgast eintök hjá Áfengis- og vímuvarnaráði.
- www.vimuvarnir.is Heimasíða með upplýsingavef Áfengis- og vímuvarnaráðs var formlega opnuð 23. júní 2000. Umsjón með upplýsingavefnum hefur Hildur Björg Hafstein en vefsíðugerðin var í höndum Margmiðlunar. Tilgangur vefsins er að safna á einn stað og hafa aðgengilegar fyrir almenning upplýsingar um áfengis- og vímuvarnir bæði hér á landi og erlendis. Vonast er til að á vefnum sé að finna svör við spurningum, leiðbeiningar og ráðgjöf um hvaðeina sem varðar áfengis- og vímuvarnir.
- **Áttu vin í vanda?** Áfengis- og vímuvarnaráð gaf út upplýsingaspjald með yfirskriftinni „Áttu vin í vanda?“ (Sjá aftast í skýrslunni) Á spjaldinu er listi yfir úrræði sem foreldrar og unglingar, sem hafa áhyggjur t.d. af vímefnaneyslu, samskipta- eða hegðunarvanda, geta stuðst við til. Spjaldinu hefur verið dreift víða, t.d. á heilsugæslustöðvum, og mælst vel fyrir. Einnig hefur spjaldið birst sem auglýsing í blöðum og tímaritum, s.s. Dagbók SAMFÉS 2000–2001, Fræðslumöppu Vinnuskóla Reykjavíkur 2000, Tímariti hjúkrunarfræðinga, tímaritinu Séd og heyrt, Dagskrá vikunnar, blaði Landssamtakanna Heimilis og skóla og Dagbók fjölskyldunnar sem gefin var út í tengslum við Loftskipið (samstarfsverkefni Íslands án eiturlyfja og UMFÍ, styrkt af Áfengis- og vímuvarnaráði).
- **12 atriði til umhugsunar fyrir foreldra** er upplýsingaspjald í sama dúr og „Áttu vin í vanda“. (Sjá aftast í skýrslunni) Á spjaldinu eru 12 atriði sem gott er að hafa í

huga við uppeldi barna og sem rannsóknir benda til að veiti ungu fólki á viðkvæmum aldri stuðning til þess t.d. að standast þrýsting í hópi. Spjaldinu var dreift víða, t.d. á heilsugæslustöðvum og hefur það líka birst sem auglýsing í tímaritinu Uppeldi, tímaritinu Séð og heyrt, Dagskrá vikunnar, blaði Landssamtakanna Heimilis og skóla og Dagbók fjölskyldunnar sem gefin var út í tengslum við Loftskipið (samstarfsverkefni Íslands án eiturlyfja og UMFÍ, styrkt af Áfengis- og vímuvarnaráði).

Starfsmannahald og húsnæði

Þorgerður Ragnarsdóttir, framkvæmdastjóri, 100% starf. Ber ábyrgð á daglegri starfsemi og rekstri Áfengis- og vímuvarnaráðs, annast mannaráðningar, er ásamt formanni talsmaður ráðsins út á við. Hún tekur virkan þátt í ýmsum verkefnum á vegum ráðsins, t.d. *Náum áttum* og vímuvörnum í framhaldsskólum. Þorgerður er skipaður varafulltrúi í Nordiska nämnden för alkohol og drogforskning (NAD), áheyrnarfulltrúi í nefnd á vegum framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins um „Community Action Programme on the Prevention of Drug Abuse“.

Hildur Björg Hafstein, verkefnisstjóri, 50% starf hjá Áfengis- og vímuvarnaráði og 50% starf hjá Íslandi án eiturlyfja. Í starfi sínu hjá Áfengis- og vímuvarnaráði hefur Hildur umsjón með heimasíðu ráðsins og annast fjölmiðlatengsl. Hún er jafnframt ýmist fulltrúi ráðsins eða stýrir sumum verkefnum sem ráðið á aðild að t.d. *Saman* – hópnum og norrænum vímuvarnahópi.

Áslaug Sif Guðjónsdóttir, skrifstofumaður, 60% starf. Áslaug sér um símvörslu, móttöku, undirbúning gagna fyrir fundi, reikningsfærslu og skjalavörslu hjá ráðinu. Áslaug sá einnig um að um mitt árið var ráðist í kaup á skjalavistunarforritinu FileMakerPro. Nú er farið að nota það einnig til að skrá símtöl til ráðsins.

Auður Björg Ingadóttir, bókasafnsfræðingur, var ráðin tímabundið frá 1. febrúar til 1. júní 2000 til efnistöku bókasafnskosts. Hefur síðan verið á tímalaunum við skráningu nýrra heimilda eftir þörfum.

Í ársbyrjun 2000 flutti Áfengis- og vímuvarnaráð í nýuppgergt húsnæði í norðurenda Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur við Barónsstíg skv. samningi Heilsugæslunnar í Reykjavík og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins. Húsnæðið er samtals 110 m² og er samnýtt með Fjölskyldumiðstöðinni. Hefur ráðið til umráða þrjú herbergi og Fjölskyldumiðstöðin eitt. Anddyri, fundarherbergi, salerni, geymslu- og kaffiástaða er samnýtt.

Fulltrúar

Í Áfengis- og vímuvarnaráði áttu eftirtaldir fulltrúar sæti á árinu 2000:

Þórólfur Þórlindsson, formaður, tilnefndur af heilbrigðis- og tryggingarmálaráðuneyti Kolfinna Jóhannesdóttir, varaformaður, tilnefnd af heilbrigðis- og tryggingarmálaráðuneyti

Hörður Pálsson, tilnefndur af forsætisráðuneyti

Jóna Gróa Sigurðardóttir, varafulltrúi, tilnefndur af forsætisráðuneytis

Árni Magnússon, tilnefndur af utanríkisráðuneyti

Þorvaldur Jóhannsson, varafulltrúi, tilnefndur af utanríkisráðuneyti

Inga Dóra Sigfúsdóttir, tilnefnd af fjármálaráðuneyti

Hanna Birna Kristjánsdóttir, varafulltrúi, tilnefnd af fjármálaráðuneyti

Dögg Pálsdóttir, tilnefnd af dóms- og kirkjumálaráðuneyti

Karl Steinar Valsson, varafulltrúi, tilnefndur af dóms- og kirkjumálaráðuneyti

Ingibjörg Broddadóttir, tilnefnd af félagsmálaráðuneyti
Guðrún Ögmundsdóttir, varafulltrúi, tilnefnd af félagsmálaráðuneyti
Sigrún Aðalbjarnardóttir, tilnefnd af menntamálaráðuneyti
Sigríður Hulda Jónsdóttir, varafulltrúi, tilnefnd af menntamálaráðuneyti
Ásta Sigurðardóttir, tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga
Soffía Gísladóttir, varafulltrúi, tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga

Fulltrúar ráðsins í stjórn *Íslands án eiturlýfja* eru Dögg Pálsdóttir og Ingibjörg Broddadóttir. Varafulltrúar eru Ásta Sigurðardóttir og Soffía Gísladóttir.

Fundir

Áfengis- og vímuvarnaráð fundaði reglubundið 12 sinnum á árinu 2000. Fundir ráðsins eru yfirleitt haldnir einu sinni í mánuði og standa í 2–3 klst. Aukafundur var vegna úthlutunar úr Forvarnasjóði í apríl. Boðað var til þriggja fréttamannafunda vegna úthlutunar úr Forvarnasjóði, kynningu á rannsókninni *Ungt fólk 2000* og kynningu á heimasíðunni www.vimuvarnir.is.

Erindi til kynningar

Eftirtalin erindi og kynningar á starfi ráðsins voru haldin á árinu 2000:

Innanlands

- Rótarífundur í Árbæjarhverfi 24. febrúar, Þorgerður Ragnarsdóttir
- Fræðslufundur heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins 26. mars, Þorgerður Ragnarsdóttir
- Heilsuverndarstöð Reykjavíkur, starfsfólk Miðstöðvar mæðraverndar, 26. og 27. október, Þorgerður Ragnarsdóttir
- Norrænn fundur lögreglu- og tollþjóna á Hótel Loftleiðum 29. september, Þorgerður Ragnarsdóttir
- Heilsuverndarstöð Reykjavíkur, starfsfólk Miðstöðvar mæðraverndar, 26. október, Hildur Björg Hafstein
- Heilsuverndarstöð Reykjavíkur, starfsfólk Heilsugæslunnar í Reykjavík, 2. og 9. nóvember, Þorgerður Ragnarsdóttir
- Náum áttum, ráðstefna um áfengis- og vímuvarnir á Grand hótél í Reykjavík, 5. og 6. október, framsöguerindi um þróun vímuefnaneyslu íslenskra unglinga, Þórólfur Þórlindsson
- Borgarafundur á Sauðárkróki um fíkniefnamál 24. nóvember: *Hvað veldur, hvað er til ráða?* Þórólfur Þórlindsson
- Höfn í Hornafirði – borgarafundur Þórólfur – 1. nóvember.

Erlendis

- Nordiska nämnden för alkohol og drogforskning (NAD): Alkoholsponsring og idræt 11. maí í Ósló. Erindi: *Alkoholreklamer og idræt i Island*, Þorgerður Ragnarsdóttir.
- 3rd Nordic Health Promotion Research Conference, Outcomes in Health Promotion í Tampere, Finnlandi, 6.–9. september. Veggþjald: *Needs analysis of Alcohol and Drug Abuse Prevention for the primary Health Care*, unnið af Þorgerði Ragnarsdóttur, kynnt af Önnu Björgu Aradóttur.
- Nordiska rusmedelkonferensen í Ósló 18. og 19. september. Erindi: *Statens forebyggende råd mod misbrug af alkohol og andre rusmidler*, Þorgerður Ragnarsdóttir og www.vimuvarnir.is, Hildur Björg Hafstein.

- Nordiska nämnden för alkohol og drogforskning (NAD): Seminarium om alkoholfrågans omvandling – från offentlig angelägenhet till individuellt ansvar i Stokkhólmi, 18. og 19. október. Erindi: *Experiment – et redskab for inføring af kommunalpolitik*, Þorgerður Ragnarsdóttir.

Nefndir

- Nefnd um breyttan áfengiskaupaaldur á vegum dóms- og kirkjumálaráðuneytis. Nefndin skilaði skýrslu vorið 2000 sem var gefin út sem þingskjal. Þorgerður Ragnarsdóttir var skipuð í nefndina af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra. Formaður nefndarinnar var Sandra Baldvinsdóttir, deildarstjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu.
- Samstarfsnefnd Reykjavíkur um afbrota- og fíkniefnavarnir. Þorgerður Ragnarsdóttir er fulltrúi ráðsins í nefndinni. Formaður hennar var Jón Björnsson, framkvæmdastjóri þróunar- og fjölskyldusviðs Reykjavíkurborgar.
- Vinnuhópur um viðbrögð við áfengisauklýsingum á vegum ríkislögreglustjóra. Þorgerður Ragnarsdóttir er fulltrúi ráðsins í hópnum en formaður er Helgi Magnús Gunnarsson. Hópurinn viðaði að sér töluvert miklum gögnum á árinu. Reiknað er með að hópurinn starfi fram eftir ári 2001.
- Nordiska nämnden för alkohol og drogforskning (NAD). Þorgerður Ragnarsdóttir var skipuð varafulltrúi í NAD. Óttar Guðmundsson, geðlæknir, er aðalfulltrúi. Formaður er Anne Marie Sindballe frá Danmörku.

Greinaskrif og viðtöl

- Þorgerður Ragnarsdóttir (2000). „Heilsugæsla og vímuvarnir“. *Tímarit Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga*, 76(1), 53.
- Þorgerður Ragnarsdóttir (2000). „www.vimuvarnir.is“. *Tóbaksvarnablaðið*, fylgirit með Morgunblaðinu 31. maí.
- Hildur Björg Hafstein (2000). „www.vimuvarnir.is“. *Morgunblaðið*, 29. júní.
- Þorgerður Ragnarsdóttir (2000). Afreiðslutími áfengis á veitingahúsum. *Sveitarstjórnarmál*, 60(4), 217.
- Þorgerður Ragnarsdóttir og Ásgerður Kjartansdóttir (2000). „Úti alla nóttina“. *Morgunblaðið*, 16. ágúst.
- Þorgerður Ragnarsdóttir (2000). „Að sjá ekki skóginn fyrir trjánum“. *Morgunblaðið*, 5. desember.
- Hildur Björg Hafstein (2000). „Foreldrar eru fyrirmyndir“. *Morgunblaðið*, 29. desember, viðtal á síðu 8.

Fréttamannafundir og kynningar

- **Fjölskyldan saman um áramót.** Póstkort sent inn á hvert heimili landsmanna og auglýsingar í blöðum, tímaritum og sjónvarpi. Hvatningarátak fyrir áramótin í samvinnu við SAMFOK, Félagsþjónustu Reykjavíkur, Ísland án eiturlyfja, Íþrótt og tólmstundaráð Reykjavíkur, Lögregluna í Reykjavík, Samstarfsnefnd Reykjavíkur um afbrota- og fíkniefnavarnir, Vímulausa æsku, Akureyrarbæ, Heimili og skóla o.fl.
- **Úthlutun styrkja úr Forvarnasjóði** í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsinu. *Morgunblaðið*, 20. maí 2000.
- **Samstarfshópur gegn e-töflunni.** Snemma árs 2000 hafði lögreglan í Reykjavík samband við ýmsa aðila sem vinna að vímuvörnum vegna þess að mikið væri farið að bera á e-töflunni meðal fólks á aldrinum 17-20 ára. Undir stjórn embættis

landlæknis tók hópur sig saman og hrinti af stað auglýsinga- og hvatningaátaki gegn þeirri vá. Í hópnum sátu fulltrúar landlæknis, *Íslands án eiturylfja*, Áfengis- og vímuvarnaráðs, Lögreglunnar í Reykjavík, embætti ríkislögreglustjóra, Jafningjafræðslunnar og félags framhaldsskólanema. Almannatengslastofan Athygli var fengin til að skipuleggja átakið.

Átakið fór af stað í mars mánuði 2000 og miðaðist fyrst og fremst við aldurshópinn 17-20 ára. Póstkortum sem bentu á tengsl e-töfluneyslu og þunglyndis var dreift í standa með ókeypis kortum sem eru víða. Einnig birtust auglýsingar með sömu skilaboðum í Fókus, fylgiblaði DV og 7-24, fylgiblaði Morgunblaðsins. Útvarpsauglýsingar voru leiknar á þeim útvarpsstöðvum sem vinsælar eru meðal ungs fólks.

- **Ungt fólk 2000** kynnt á Umferðarmiðstöðinni. Útvarp, sjónvarp og dagblöð, 27. og 28. júlí 2000.
- **Hver setur mörkin?** Kynning á átaki gegn áfengisneyslu ungmenna á veitingastaðnum Eldhúsið, verslunarmiðstöðinni Kringlunni, 21. desember 2000. Samráðshópur á vegum Félags framhaldsskólanema, Áfengis- og vímuvarnaráðs, Íslands án eiturylfja, Lögreglunnar í Reykjavík, Félags framhaldsskólanna og Heimilis og skóla í samstarfi við ÁTVR, HSÍ og unglíngalandslið kvenna í handbolta beindu tilmælum til foreldra um að setja mörk og virða löglegan áfengiskaupaaldur.

Umsagnir

- Umsögn um tillögu til þingsályktunar um endurskoðun reglna um sölu áfengis, þskj. 170 – 149. mál, dags. 24. mars 2000.
- Svar við fyrirspurn starfshóps um umferðarlöggjöf um hvað Áfengis- og vímuvarnaráð telur að þurfi að taka til sérstakrar skoðunar í umferðarlögum og reglugerðum, dags. 20. september 2000.
- Umsögn um tillögu A 1223/nord „om narkotikahandeln – ett hot mot demokratin“, dags. 10. nóvember 2000.

Ráðstefnur og fundir

Eftirfarandi ráðstefnur og fundir voru sóttir af starfsmönnum Áfengis- og vímuvarnaráðs á árinu:

- **European Commission: 6th Meeting of the Committee for the Programme of Community Action on the Prevention of Drug Abuse in the Framework of Public Health.** Fundur haldinn 16. mars 2000 í Lúxemborg. EFTA-löndin hafa áheyrnarfulltrúa í nefndinni og er Þorgerður Ragnarsdóttir fulltrúi á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins.
- **Nordiska nämnden for alkohol och drogforskning (NAD):** Alkoholsponsring og idræt, 11. maí í Ósló, Þorgerður Ragnarsdóttir (sjá erindi framar).
- **Nordiska nämnden for alkohol och drogforskning (NAD):** Behandling, system och förändringar i Norden í Reykholti 30. ágúst–3. september, Þorgerður Ragnarsdóttir.
- **Nordiska rusmedelkonferensen** í Ósló 18. og 19. september, Þorgerður Ragnarsdóttir og Hildur Björg Hafstein (sjá erindi framar).
- **Náum áttum**, ráðstefna um áfengis- og vímuvarnir á Grand hótél í Reykjavík, 5. og 6. október, allir starfsmenn og margir fulltrúar ráðsins (sjá erindi framar).

- **Nordiska nämnden for alkohol och drogforskning (NAD):** Seminarium om alkoholfrágans omvandling – fráan offentlig angálegenhet till individuellt ansvar í Stokkhólmi, 18.–19. október, Þorgerður Ragnarsdóttir (sjá erindi framar).
- **Nordiska nämnden for alkohol och drogforskning (NAD):** 2. stjórnarfundur ársins í Helsinki, 26. október, Þorgerður Ragnarsdóttir.

Önnur mál

- Óskað var eftir aðstoð Áfengis- og vímuvarnaráðs við að útvega ungmenni til þátttöku í undirbúningi Evrópuskrifstofu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar að ráðstefnunni *Ungt fólk og áfengi* í Stokkhólmi í febrúar 2001. Fulltrúar Íslands á undirbúningsfundinum, sem haldinn var í nóvember í Stokkhólmi, voru Inga Berglind Birgisdóttir, nemandi í Menntaskólanum á Akureyri og þátttakandi í Loftskipinu, samstarfsverkefni Íslands án eiturlyfja og UMFÍ, og Páll Arnar Steinarsson, afgreiðslumaður í tískuversluninni 17 og þátttakandi í Jafningjafraeðslu Hins hússins
- Fótboltaskóli í Skagafirði. Áfengis- og vímuvarnaráð hafði milligöngu um að fulltrúar frá Jafningjafraeðslunni, Páll Arnar Steinarsson og Sýlvía K. Ólafsdóttir voru með fraeðslu um vímuvarnir í fótboltaskóla sem haldinn var á Sauðárkróki um verslunarmannahelgina 2000. Þátttakendur voru 97 fótboltaiðkendur í 3. og 4. flokki karla og kvenna á aldrinum 13–16 ára alls staðar að af landinu.

Skipting fjármuna

Til ráðstöfunar:

Forvarnasjóður	53,4 milljónir kr.
Áfengis- og vímuvarnaráð	7,2 milljónir kr.
Sérstök viðbót	10,0 milljónir kr.
Fjáraukalög	3,8 milljónir kr.
<i>Samtals</i>	<i>74,4 milljónir kr.</i>

Ráðstafað:

Áfangaheimili	10,0 milljónir kr.
Úthlutað til verkefna	42,3 milljónir kr.
Rannsóknir	6,5 milljónir kr.
Gagnasafn á vefnum	2,0 milljónir kr.
Laun og rekstur	13,6 milljónir kr.

<i>Samtals</i>	<i>74,4 milljónir kr.</i>
----------------	---------------------------

Lýsing á verkefnum sem hlutu styrk úr Forvarnasjóði árið 2000

Heiti	Upphæð	Lýsing
Barnageðlæknafélag Íslands.	200.000	Styrkurinn hefur ekki verið nýttur. Fyrirhugað er samstarf við Áfengis- og vímuvarnaráð um ráðstefnu 2001.
Bindindismótið í Galtalæk.	1.000.000	Vímulaus fjölskylduhátið um verslunarmannahelgi. Á Galtarlækjarmótið 2000 mættu á fjórða þúsund manns.
Félagsmiðstöðin Bústaðir; Betra líf í Bústöðum.	500.000	Forvarnastefna í formi margmiðlunardisks og bæklinga. Framleidd voru um 6000 stk. sem dreift var í hverfi 103 og 108 í Reykjavík. Tilgangurinn var að hvetja alla íbúa hverfanna til að taka höndum saman um forvarnir með beinum eða óbeinum hætti. Einnig verður efninu dreift til félagsmiðstöðva, sveitarfélaga og sem flestra sem starfa að forvarnamálum.
Fjölmennt.	1.000.000	Verkefnið <i>Ég get</i> . Kennsluefni og námskeið sem miða sérstaklega að því að efla sjálfstraust barna 9–16 ára. Haldin voru námskeið í Reykjavík og þeir sem þau sóttu voru komnir vegna eineltis, óreglu, skorts á einbeitni og agavandamála eða ónógs sjálfstrausts. Einnig var farið í heimsóknir í skóla úti á landi í samráði við ungmenna- og íþróttafélög o.fl.
Fjölskyldumiðstöð– Betra fjölskyldulíf.	3.000.000	Aðstoð og stuðningur við fjölskyldur sem eiga í ýmsum vanda, s.s. vímuefnavanda, samskiptavanda, vanda vegna þverrandi áhuga barna á námi eða vegna barna sem sýna andfélagslega hegðun af einhverju tagi. Samstarfsverkefni Reykjavíkurdeildar Rauða kross Íslands, Félagsþjónustunnar í Reykjavík, félagsmálaráðuneytis og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis. Árið 2000 fengu alls um 200 fjölskyldur ráðgjöf hjá eða fyrir milligöngu Fjölskyldumiðstöðvarinnar.

Heiti	Upphæð	Lýsing
FRÆ – fræðslumiðstöð í fíknivörnum.	2.000.000	Styrkur til útgáfumála. Gefin var út bókin <i>Fíkniefni og forvarnir, handbók fyrir heimili og skóla</i> . Í bókinni er fjallað um fíkniefnamál og forvarnir frá sjónarhóli 30 sérfræðinga í læknisfræði, lyfjafræði, sálfræði, uppeldisfræði, félagsfræði, heimspeki, löggæslu og tollgæslu. Bókin var færð heimilum fermingarbarna ársins 2001 að gjöf og auk þess seld í lausasölu.
Fræðsla og forvarnir í Borgarbyggð.	100.000	Styrkurinn var notaður til að gera könnun á aðgengi unglunga 16–17 ára á tóbaki, áfengi og myndbandsspólum í verslunum og veitingastöðum í Borgarbyggð. Meðal þess sem kom í ljós var að 17 ára unglingur fékk afgreiddan bjór á tveimur veitingahúsum og í verslun ÁTVR. Niðurstöðum var fylgt eftir af sveitarstjórn og vímuvarnanefnd Borgarbyggðar.
Gamla apótekið á Ísafirði.	3.000.000	Menningar- og kaffihús ungs fólks. Á daginn er húsið opið öllum aldurshópum en á kvöldin er það opið ungu fólki á aldrinum 16–22 ára. Í Gamla apótekinu er boðið upp á ýmsa dægrastyttingu, tölvuver, fræðslu, þaðan er rekið útvarp og þar er aðstaða fyrir ýmsa klúbbstarfsemi. Í gamla apótekinu er öll neysla tóbaks og vímuefna bönnuð svo og að vera undir áhrifum vímuefna.
Götusmiðjan, styrkur til ráðstefnuhalds.	500.000	Götusmiðjan stóð ásamt fleirum að ráðstefnunni <i>Náum áttum; afleiðingar fíkniefna og aðgerðir gegn þeim</i> sem var haldin 5. og 6. október 2000. Á ráðstefnunni fjölluðu fræðimenn og sérfræðingar um fíkniefnavandann frá ýmsum hliðum. Aðalfyrirlesari ráðstefnunnar var dr. Bertha Madras, prófessor við Harvard háskóla. Ráðstefnuna sóttu um 250 manns.

Heiti	Upphæð	Lýsing
Heimili og skóli; Foreldrasamningurinn.	1.000.000	Forvarnaverkefni sem beinist einkum að foreldrum barna í 6.–8. bekk grunnskólans. Markmiðið er að fá foreldra til að taka ákveðnari afstöðu gegn áfengisneyslu ungmenna og efla samstöðu þeirra innbyrðis. Unnið er að því að fá foreldrahópinn til að vera samstiga og setja sér ákveðnar reglur og viðmið sem raunhæft er að fylgja. Á árinu 2000 voru vinnugögn foreldrasamningsins endurnýjuð og hann kynntur í 18 skólum auk funda með sveitastjórnnum og foreldrasamtökum.
Ísland án eiturlyfja.	4.800.000	Fjórða starfsár áætlunarinnar sem er sameiginlegt verkefni ríkisstjórnar, Reykjavíkurborgar, ECAD (European Cities Against Drugs) og Samband ísl. sveitarfélaga. Starf Íslands án eiturlyfja grundvallast á fimm ára áætlun sem samþykkt var í júní 1997. Árskýrsla fyrir árið 2000 er komin út og þar má finna upplýsingar um verkefni áætlunarinnar.
Ísland án eiturlyfja, Lögreglan í Reykjavík, samstarfsnefnd Reykjavíkur um afbrot- og fíkniefna- varnir.	500.000	Átak til að hvetja foreldra til að framfylgja reglum um útivistartíma barna og unglínga. Í verkefninu fólst dreifing veggspjalds <i>Inn á slaginu</i> , auglýsingar í blöðum og tímaritum, segulspjöld með útivistarreglum og myndband sem sýnt var á milli dagskráratríða í sjónvarpi.
Ísland án eiturlyfja, Lögreglan í Reykjavík samstarfsnefnd Reykjavíkur um afbrot- og fíkniefna- varnir.	500.000	Auglýsinga- og hvatningarherferðir til stuðnings foreldrum í kringum atburði sem er að líklegt er að ungt fólk drekki á, s.s. lok samræmdra prófa, 17. júní, verslunarmannahelgi og áramót. Birtar voru auglýsingar í blöðum og tímaritum, útvarpi og sjónvarpi. Einnig send út póstkort. Meginstef auglýsinganna var alltaf <i>Fjölskyldan saman</i> .

Heiti	Upphæð	Lýsing
Krossgötur – Ég er húsið mitt.	500.000	Útgáfa bóka fyrir börn á aldrinum 4–11 ára þar sem lögð er áhersla á heilbrigði og vímulaust lífverni. Bókunum hefur verið dreift til um helming barna á þessum aldri á öllu landinu.
Lögreglan á Blönduósi.	100.000	Fræðsla í vímuvernum sem fólst meðal annars í útgáfu bæklinga <i>Sameiginlegt átak gegn fíkniefnum; forvarnir byrja heima</i> , heimsóknnum í skóla til nemenda og foreldra og dreifingu stuttermabola til nemenda í 8.–10.bekk.
Marita, félagsþjónustan í Reykjavík. Lögreglan í Reykjavík.	1.500.000	<i>Hættu áður en þú byrjar</i> fræðsla ætluð nemendum í 9. og 10. bekk grunnskóla. Fyrirlesari, fyrirverandi fíkill, og lögreglumaður ræða við nemendur og leggja áherslu á að nemendur taki afstöðu gegn vímuefnum áður en þeim verði boðin þau. Alltaf er kvöldfundur með foreldrum barnanna. Námskeiðið hefur farið víða um land en auk grunnskólanna hefur líka verið farið í framhaldsskólana. Árið 2000 voru haldnir 84 fræðslufundir sem tæplega 3000 manns sóttu.
Menntaskólinn í Kópavogi; gerð myndbands <i>Þú átt val</i>.	500.000	Af óviðráðanlegum ástæðum þurfti að fresta gerð myndbandsins en lokið var við að skrifa handrit að því. Áætlað er að myndbandið verði tilbúið fyrir haust 2001.
Miðborgarstarf KFUM og K.	500.000	Miðborgarstarf KFUM og K er margþætt og felur m.a. í sér fræðslu, sálgæslu og helgihald. Á vegum þess er rekið unglíngaathvarf, “Lofstofan”, í Austurstræti. Stofnaður var sjálfshjálparhópur fyrir unglínga sem lagðir höfðu verið í einelti.
Orkudagar 2000 á Hornafirði.	200.000	Samstarf líkamsræktarstöðvar og félagsmiðstöðvar. Nemendum í 8.–10. bekk grunnskólans gefinn kostur á að stunda líkamsrækt og njóta fræðslu um forvarnir. Stóð í 6 vikur á vori og 6 vikur á hausti. Þátttakendur fengu viðurkenningarskjöl og þeir sem stunduðu Orkudaga best hlutu sérverðlaun.

Heiti	Upphæð	Lýsing
SAMFÉS – Samtök félagsmiðstöðva á Íslandi.	1.000.000	<i>Láttu ekki hafa þig að fjfli.</i> Markmið verkefnisins var að vekja ungt fólk til umhugsunar um skaðsemi vímuefna með gerð auglýsinga þar sem unglingar eru að koma skilaboðum til jafnaldra. Markhópurinn var nemendur í 8.–10. bekk grunnskólanna. Öll hugmyndavinna og framkvæmd var í höndum félagsmiðstöðvanna. Afrakstur vinnunnar var auglýsingamyndbönd sem sýnd voru í sjónvarpi, veggspjöld og póstkort.
SAMFOK; – Forvarnalykill.	500.000	Markmið verkefnisins er að gera forvarnastarf í grunnskólum markvissara og gera heildstæða áætlun um forvarnastarf í grunnskólum Reykjavíkur með gerð fræðsluefnis og námskeiða fyrir foreldra, skóla og börn. Gefnir voru út 3 bæklingar í samvinnu við Rauða kross Íslands um: aga og þátt þess í uppeldi, sjónvarp og áhrif þess á börn og unglunga og að lokum tónlist og tónlistarmyndbönd sem áhrifavalda á börn og unglunga.
SÁÁ; Foreldrar í vanda.	500.000	Markmið verkefnisins var að auka þekkingu foreldra barna sem bera fyrstu merki vímuefnaneyslu á vímuefnum og áhrifum þeirra, fræða þá um vænleg viðbrögð við neyslu eða grun um neyslu og hvert hægt sé að leita frekari aðstoðar. Einnig var lögð áhersla á að fræða foreldra um hlutverk sitt í meðferð og bata unglunga í vímuefnavanda. Endurskoðun og endurbætur voru gerðar á verkefninu fyrir hluta árs 2000. Kynning á verkefninu var m.a. send til allra heilsugæslustöðva. Haldin voru 5 fræðslukvöld og um 20 manns nýttu sér ráðgjöfina.
SÁÁ; félagsstarf og útihátíðir.	500.000	Staðarfellshátíð haldin um verslunarmannahelgina 2000. Hátíðin var algerlega áfengis- og vímuefnalaus. Um 300 manns sóttu hátíðina.

Heiti	Upphæð	Lýsing
Sjóliðaverkefnið Haftindur.	1.000.000	Markmiðið er að gefa ungu fólki í félagslegum erfiðleikum tækifæri á að reyna sig í sjómennsku og á þann veg ná tökum á lífinu. Samstarf Félagsþjónustu Reykjavíkur, sem er tilvísunaraðili, ÍTR/Hitt húsið, sem er umsýsluaðili með verk- og námsþætti, og Karels Karelssonar skipstjóra, sem er verkstjóri. Árið 2000 tóku 8 karlmenn á aldrinum 17–25 ára þátt í verkefninu.
Stórstúka Íslands Skrefi á undan.	500.000	Útgáfa forvarnaefnis ætlað foreldrum barna í ákveðnum áhættuhópum, t.d. ofvirkra barna og barna með hegðunarröskun. Fjallað er um börnin frá fæðingu og fram á unglingsár. Bókin skiptist í fræðilega kafla og hagnýta þar sem finna má ráð sem hafa nýst vel. Á árinu 2000 var útgáfa bókarinnar undirbúin.
Tilvera á Grundarfirði.	200.000	Verkefni sem miðar að því að efla sjálfsöryggi, aga og virðingu unglunga með því að veita þeim fræðslu og þjálfun í að takast á við óþekktar aðstæður. Fyrirlestrar, umræður og þjálfun í framkomu. Styrkur veittur til útgáfu kynningarbæklings.
UMFÍ og Ísland án eiturlyfja.	1.000.000	<i>Loftskipið</i> , þríþætt forvarnaverkefni sem hófst í mars 2000 og lauk í nóvember sama ár. Í fyrsta lagi var farið í fundaðerð um landið þar sem m.a. var rætt um vímuvarnir á hverjum stað og hvað væri verið að gera annars staðar. Í öðru lagi var <i>Dagbók fjölskyldunnar</i> þar sem lögð var áhersla á gildi samverustunda fjölskyldunnar í forvörnum. Í þriðja lagi var haldin ungmennaráðstefnan <i>Jeg tarf ekki sjuss</i> þar sem áhersla var lögð á vímulaust tómtundastarf ungs fólks. Verkefninu lauk í nóvember 2000.
UMFÍ; Unglinga- landsmót 2000.	500.000	Unglingalandsmót UMFÍ haldið í Vesturbyggð um verslunarmannahelgina 2000. Neysla áfengis og annarra vímuefna var bönnuð á mótssvæðinu. Mótið sóttu í heild 4000 manns en margar fjölskyldur fylgdu unglungum sínum sem voru að keppa.

Heiti	Upphæð	Lýsing
Unglingamóttaka við heilsugæslustöðina á Akureyri.	300.000	Tilraunaverkefni sem hófst í febrúar 2000 í samstarfi við Kompaníð, miðstöð ungs fólks. Markmiðið er að bæta líðan og aðstæður unglunga og ungs fólks. Ástæður gefnar við komu voru t.d. fræðsla, áhyggjur, þunglyndi og kvíði, getnaðarvarnir og kvensjúkdómar. Frá febrúar til maí 2000 leituðu 32 til unglingamóttökunnar.
Vímuvarnaskólinn.	500.000	Samstarfsverkefni FRÆ, SÁÁ og Rauða kross Íslands. Markmið verkefnisins er að efla forvarnastarf í grunnskólum og koma á skipulögðum forvörnum í þeim með gerð vímuvarnaáætlana, þjálfun starfsfólks skólanna og samræmingu úrræða sem skólar ráða yfir. Um er að ræða fimm ára verkefni sem hófst árið 1997.
Vímulaus æska – forvarnanámskeið Börn eru líka fólk.	1.000.000	Námskeiðin er ætluð börnum foreldra sem eiga við áfengisvanda að stríða og/eða geðræna erfiðleika. Árið 2000 voru haldin 8 námskeið fyrir börn 6–16 ára, samtals 68 börn. Foreldrar sumra barna voru á námskeiði hjá sálfræðingi en aðrir í viðtölum hjá ráðgjafa. Alls voru þetta 114 einstaklingar. Hvert námskeið stendur í tíu vikur, klukkustund í senn.
Vímulaus æska, fjölskylduráðgjöf.	500.000	Fjölskylduráðgjöfinni er ætlað að aðstoða foreldra, börn og unglunga. Ráðgjöfin skiptist í viðtöl við sálfræðinga og ráðgjafa, foreldrahópa, sjálfstyrkingarnámskeið, námskeið og fræðslu og foreldrasímann sem er opinn allan sólarhringinn. Viðtöl við sálfræðinga og ráðgjafa voru 721 árið 2000. Þá voru starfandi 9 foreldrahópar og haldnir 10 fyrirlestrar sem um 280 manns sóttu.

Viðauki 1; lög um Áfengis- og vímuvarnaráð

Lög um áfengis- og vímuvarnaráð 1998 nr. 76 15. júní



Áfengis- og vímuvarnaráð.

1. gr. Stofna skal áfengis- og vímuvarnaráð sem heyrir undir ráðherra heilbrigðismála. Tilgangurinn með stofnun áfengis- og vímuvarnaráðs er að efla og styrkja áfengis- og vímuvarnir, sérstaklega meðal barna og ungmenna, og sporna við afleiðingum af neyslu áfengis og annarra vímuefna.

Markmiðið með starfsemi áfengis- og vímuvarnaráðs er að uppræta fíkniefnaneyslu og draga stórlega úr áfengisneyslu. Ráðið skal stuðla að samvinnu og samræmingu milli þeirra sem starfa að áfengis- og vímuvörnum, svo sem heilsugæslu og annarra heilbrigðisstofnana, félagsmálayfirvalda sveitarfélaga, löggæslu, menntakerfis, refsivörslukerfis og félagasamtaka.

Skipan áfengis- og vímuvarnaráðs.

2. gr. Heilbrigðisráðherra skipar átta menn í áfengis- og vímuvarnaráð og jafnmarga til vara til fjögurra ára í senn. Til setu í áfengis- og vímuvarnaráði skal að jafnaði velja einstaklinga sem eru sérfróðir um áfengis- og vímuvarnir. Forsætisráðherra, dómsmálaráðherra, félagsmálaráðherra, fjármálaráðherra, heilbrigðisráðherra, menntamálaráðherra, utanríkisráðherra og Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefna hver sinn fulltrúa. Varamenn skulu tilnefndir með sama hætti.

Heilbrigðisráðherra skipar formann og varaformann úr ráðinu.

Verkefni áfengis- og vímuvarnaráðs.

3. gr. Verkefni áfengis- og vímuvarnaráðs eru:

1. Að hafa eftirlit með að ákvæðum laga og reglugerða um áfengis- og vímuvarnir sé framfylgt, sem og stefnu ríkisstjórnar á hverjum tíma.

2. Að vera ríkisstjórn og öðrum stjórnvöldum, þar á meðal staðbundnum nefndum sem starfa að áfengis- og vímuvörnum, til ráðuneytis um áfengis- og vímuvarnir, m.a. um þörf á meðferðarúrræðum, og gera tillögur um stefnu stjórnvalda á þessu sviði, með hliðsjón af niðurstöðum rannsókna.

3. Að gera tillögur til heilbrigðisráðherra um veitingu styrkja úr Forvarnasjóði til verkefna á sviði áfengis- og vímuvarna.

4. Að beita sér fyrir samhæfingu starfa þeirra sem vinna að áfengis- og vímuvörnum, sbr. 3. mgr. 1. gr., m.a. með því að halda reglulega samráðsfundi með fulltrúum þessara aðila.

5. Að stuðla að rannsóknum á sviði áfengis- og vímuvarna, m.a. árlegum könnunum á áfengis- og vímuefnaneyslu barna og ungmenna, og fylgjast með tengslum áfengis- og fíkniefnanotkunar og afbrota.

6. Að fylgjast með stöðu áfengis- og vímuvarna í grannríkjum og annast samskipti við hliðstæðar stofnanir í nágrannalöndunum.

7. Að stuðla að útgáfu fræðslugagna um áfengis- og vímuvarnir og annast gagnasöfnun í vímuefnamálum þannig að hjá ráðinu séu nýjustu og haldbærustu upplýsingar um stöðu mála. Ráðið skal gefa út ársskýrslu um starfsemi sína og stöðu áfengis- og vímuvarna.

8. Að annast önnur verkefni sem ráðherra eða ríkisstjórn felur ráðinu.

Dagleg starfsemi áfengis- og vímuvarnaráðs.

4. gr. Heilbrigðisráðherra ræður framkvæmdastjóra að fenginni umsögn áfengis- og vímuvarnaráðs. Framkvæmdastjóri stýrir daglegri starfsemi áfengis- og



vímuvarnaráðs og ræður annað starfsfólk ráðsins.

Árlegt ráðstöfunarfé áfengis- og vímuvarnaráðs.

5. gr. Áfengis- og vímuvarnaráð hefur árlega eftirgreinda fjármuni til ráðstöfunar til að sinna hlutverki sínu:

1. Forvarnasjóð skv. [8. gr. laga nr. 96/1995](#), um gjald af áfengi.
2. Fjárveitingar samkvæmt fjárlögum hverju sinni.
3. Framlög sem fyrirtæki eða aðrir kunna að leggja af mörkum til starfsemi á vegum ráðsins.

Reglugerðarheimild.

6. gr. Heilbrigðisráðherra setur með reglugerð¹⁾ nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, m.a. um ráðstöfun fjár úr Forvarnasjóði.

¹⁾Rg. 361/1999.

Gildistökuákvæði.

7. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1998.

Viðauki 2; reglugerð um Forvarnasjóð

Reglugerð nr. 361/1999 um Forvarnasjóð

Tilgangur

1. gr. Forvarnasjóður starfar á grundvelli 3. gr. laga um Áfengis- og vímuvarnaráð nr. 76/1998 og 7. gr. laga um gjald á áfengi nr. 96/1995 með síðari breytingum. Tilgangur sjóðsins er að stuðla að forvörnum gegn áfengis- og fíkniefnaneyslu og er hlutverk hans m.a. að veita styrki til forvarnastarfa á verkefnagrundvelli.

Hlutverk

2. gr. Hlutverk Forvarnasjóðs er að styrkja verkefni sem eru í samræmi við stefnu og forgangsröðun Áfengis- og vímuvarnaráðs hverju sinni.

Stjórn

3. gr. Stjórn Forvarnasjóðs er í höndum Áfengis- og vímuvarnaráðs sem gerir tillögur til heilbrigðisráðherra um veitingu styrkja úr sjóðnum til verkefna á sviði áfengis- og vímuvarna.

Varsla og reikningshald

4. gr. Áfengis- og vímuvarnaráð annast vörslu og reikningshald Forvarnasjóðs. Framkvæmdastjóri Áfengis- og vímuvarnaráðs gefur ráðinu reglulega yfirlit um stöðu sjóðsins.

Tekjur

5. gr. Tekjur Forvarnasjóðs eru:

1. 1% af innheimtu áfengisgjaldi þeirra sem gjaldskyldir eru skv. 1. mgr. 2. gr. laga um gjald á áfengi nr. 96/1995 með síðari breytingum.
2. Fjárveitingar samkvæmt fjárlögum hverju sinni.
3. Framlög sem fyrirtæki eða aðrir kunna að leggja af mörkum til starfsemi á vegum ráðsins.

Úthlutun styrkja

6. gr. Áfengis- og vímuvarnaráð auglýsir a.m.k. einu sinni á ári eftir umsóknum um styrki úr Forvarnasjóði.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra úthlutar styrkjum úr Forvarnasjóði að fengnum tillögum Áfengis- og vímuvarnaráðs.

Styrkur til verkefnis skuldbindur hvorki Áfengis- og vímuvarnaráð né heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra til að halda áfram styrkveitingu til sama verkefnis.

Umsóknir um styrki skulu vera ítarlegar og í þeim gerð grein fyrir eftirfarandi atriðum eftir því sem kostur er:

- Almenn lýsing verkefnisins og fjárhæð sem sótt er um.
- Markmið verkefnisins, markhópur, fjöldi sem áætlað er að verkefnið nái til og mat umsækjenda á árangri sem hann væntir af verkefninu.
- Framkvæmdaáætlun með tímasetningum og greinagóðri lýsingu á framkvæmd verkefnis.
- Fjárhagsáætlun þar sem gerð er grein fyrir heildarfjármögnun verkefnisins. Þar skal gerð skýr grein fyrir eigin fjármögnun og framlögum annarra aðila.
- Hverjir vinni að verkefninu, verkaskipting og fjöldi þeirra sem starfa við það ásamt upplýsingum um forsvarsmenn, heimilisföng, símanúmer o.fl.
- Lýsing á starfsemi umsækjanda og markmiðum hans, ásamt ársskýrslum, ársreikningum, reynslu af forvarnastarfi og fyrri verkefnum.
- Hvernig samstarfi er háttað við aðra aðila sem starfa að áfengis- og vímuvörnum,

fagmenn og opinbera aðila og skal staðfesting þeirra fylgja umsókn.

Vegna umfjöllunar um styrkumsóknir er Áfengis- og vímuvarnaráði heimilt að:

1. Senda umsóknir til umfjöllunar fagaðila og óska eftir nánari upplýsingum um verkefni, framkvæmdaaðila og fjármögnun.

2 Skilyrða styrkveitingar og ákveða að styrkir verði greiddir út í samræmi við gang verkefnis.

Styrkir skulu almennt veittir félögum, samtökum og opinberum aðilum.

Einstaklingum verða að jafnaði einungis veittir styrkir til rannsóknarverkefna.

Skyldur styrkþega

7. gr. Styrkþegar skulu skila Áfengis- og vímuvarnaráði skýrslu og endurskoðuðu fjárhagsuppgjöri að verkefni loknu. Aðili sem hlýtur styrk og skilar ekki fullnægjandi skýrslu og uppgjöri getur búist við að verða endurkrafinn um veittan styrk og útilokaður frá frekari styrkveitingum.

Styrkþega er hvenær sem sjóðsstjórn óskar, skylt að gera sjóðsstjórn grein fyrir gangi verkefnisins, ráðstöfun styrks og fjármögnun verkefnisins.

Skyldur Áfengis- og vímuvarnaráðs

8. gr. Með allar umsóknir, upplýsingar um verkefni, samstarfsaðila eða annað sem fram kemur í umsókn, fylgigögnum eða sérstökum upplýsingum til sjóðsstjórnar fer Áfengis- og vímuvarnaráð með sem trúnaðarmál, sbr. þó 1. tl. 5. mgr. 6. gr.

Áfangaskýrslur eða skýrslur um verkefni, að þeim loknum, ásamt reikningum skulu vera opinberar og ekki háðar trúnaðarskyldu nema þess sé óskað af sérstökum ástæðum og Áfengis- og vímuvarnaráð samþykki.

Áfengis- og vímuvarnaráð svarar öllum umsóknum skriflega.

Gildistaka

9. gr. Reglugerð þessi sem sett er með stoð í 6. gr. laga nr. 76/1998 um áfengis- og vímuvarnir tekur gildi við birtingu

.Jafnframt fellur niður reglugerð nr. 537/1995 um Forvarnarsjóð.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið

27. maí 1999.